

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2016, 22. febrúar, var haldinn 33. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.35. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Skúli Helgason, Hildur Sverrisdóttir, Björn Gíslason og Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Eyrún Eyþórsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Helga Björg Ragnarsdóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Hreinn Hreinsson og Theódóra Sigurðardóttir. Fundarritari var Unnur Margrét Arnardóttir.

### Petta gerðist:

1. Lögð fram að nýju úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á verkefnumum Betri Reykjavík og Betri hverfi ásamt viðauka, dags. 18. janúar 2016, og niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar dags. 11. júní 2015, sbr. 2. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 8. febrúar 2016. Hallur Símonarson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 13.48 tekur Eva Baldursdóttir sæti á fundinum. Fulltrúar Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram eftirfarandi bókun:

Úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á verkefnumum Betri Reykjavík og Betri hverfum sýnir fram á að almenn ánægja er með samráðsvefina en þó er nauðsynlegt að skilgreina með formlegum hætti hlutverk þeirra og markmiðin með þeim. Í úttektinni kemur fram að almennur vilji er meðal borgarbúa til að geta haft áhrif á nærumhverfi sitt og að geta átt í samræðu við borgaryfirvöld um borgarmálefni á netinu. Umræddir vefir uppfylla kröfuna um áhrif á nærumhverfi að einhverju leyti en í núverandi mynd bjóða þeir ekki upp á mikla gagnvirka samræðu íbúa við kjörna fulltrúa og starfsfólk borgarinnar. Úrbótatækifæri felast því meðal annars í aukinni gagnvirkni og samræðu þar sem frumkvæði er haft að því að kalla eftir skoðunum notenda samsráðsvefja á því sem er til umfjöllunar hjá borginni hverju sinni og samtal er átt um nánari útfærslu hugmynda sem borgarbúar hafa lagt inn. Þó ber að huga að því að þrátt fyrir að tilkoma Betri Reykjavíkur og Betri hverfa hafi fjölgað samráðsleiðum fyrir þá samfélagshópa í Reykjavík sem þegar voru virkir hafa vefirnir síður náð til íbúa sem almennt hafa verið minna virkir og síður tekið þátt í íbúasamráði.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram eftirfarandi bókun:

Mjög lítil virkni borgarbúa í verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi er sorgleg staðreynd. Því þarf að bregðast við því. Styrkja þarf til muna Hverfaráð og láta þau fóstta þessi verkefni. Auk þess verður að tryggja það að einungis íbúar hverfanna geti komið fram með tillögur og valið á milli þeirra. Öflug hverfaráð gætu með slagkrafti sínum aukið áhuga á beinu lýðræði sem þessi verkefni eru.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði sitja hjá við afgreiðslu úttektar um Betri Reykjavík og Betri hverfi. Niðurstaða og ályktanir eru að mati fulltrúanna jákvæðari heldur en gögn úttektarinnar bera með sér. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja þó að þrátt fyrir að tónn úttektarinnar sé of jákvæður á köflum sé þó vissulega komið inn á atriði sem þeir hafa haft áhyggjur af um nokkurt skeið; til dæmis að þátttakan sé lítil miðað við kostnað sem og að markmiðs- og árangursviðmið verkefnanna séu ekki nægilega skýr.

Það ber að taka alvarlega áður en áfram er haldið með verkefni í núverandi mynd.

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram eftirfarandi tillögu ásamt greinargerð:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykkir að leggja til við borgarstjórn að fram fari íbúakosning í Reykjavík samhliða forsetakosningum 2016.

Greinargerð:

Löng hefð er fyrir því að sveitarfélög láti fara fram íbúakosningu samhliða forsetakosningum. Sjálfsagt er að nýta tækifærið og spyrja íbúa Reykjavíkur álits á nokkrum lykilmálum í komandi kosningum.

Tillögu Framsóknar og flugvallarvina frestað og óskað eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar.

2. Lögð fram til umsagnar að nýju drög að nýrri mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar dags. 19. janúar 2016 sbr. 6. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 8. febrúar 2016, ásamt bréfi borgarráðs dags. 22. janúar 2016 þar sem óskað er eftir umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um drögin. Einnig lögð fram til samþykktar drög skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að umsögn dags. 19. febrúar 2016. Fram fer kynning á drögum að nýrri mannréttindastefnu. Líf Magneudóttir og Halldóra Gunnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um drög að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina sitja hjá.

3. Fram fer umræða um opinn fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 7. mars 2016. Samþykkt að fresta opnum fundi ráðsins um óákveðinn tíma.
4. Fram fer kynning á skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar dags. 30. júní 2015. Einnig lagt fram bréf borgarráðs dags. 18. febrúar 2016 og umsagnir fagraða og hverfisráða. Frestað.
5. Lagðar fram tillögur hverfisráðs Breiðholts um hvernig megi auka lýðræði, lærdóm, félagsauð og valdeflingu á vettvangi félagsstarfs dags. 27. janúar 2016.
6. Lagt fram svar borgarlögmanns dags. 10. febrúar 2016 við bréfi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs dags. 3. júní 2016.
7. Lagt fram erindisbréf – starfshópur um undirbúning lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, dags. 22. febrúar 2016.
8. Lagt fram minnisblað skrifstofu borgarstjórnar um notkun fjarfundabúnaðar á fundum ráða og nefnda, dags. 9. febrúar 2016.
9. Lögð fram ábending úttektarnefndar borgarstjórnar nr. 3 – lengd bókana, dags. 28. október 2015.

### Fundi slitið kl. 15:40

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarasdóttir  
Eva Baldursdóttir  
Björn Gíslason

Skúli Helgason  
Hildur Sverrisdóttir  
Jón Ingi Gíslason